



87. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 24. júní, 2004, kl. 12:20 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmansson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Fundarboð frá SSNV.
3. Erindi frá Norðurorku hf.
4. Erindi frá Skagafjarðarveitum ehf.
5. Erindi frá Grunnskólanum á Blönduósi og Kennaraháskóla Íslands.
6. Bréf frá stéttarfélaginu Kili.
7. Umsókn um styrk.
8. Umsókn um endurnýjun á áfengisveitingaleyfi.
9. Erindi frá Norræna félaginu.
10. Erindi frá Félagsþjónustu vegna málefna fatlaðra.
11. Erindi frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
12. Fundargerð Héraðsráðs.
13. Fundargerð húsnæðisnefndar.
14. Rekstraryfirlit bæjarsjóðs A-hluti, janúar til mars 2004.
15. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Atvinnumál.**
Rætt um ýmis verkefni sem eru í gangi á sviði atvinnumála.
2. **Fundarboð frá SSNV.**
Boðað er til kynningar- og umræðufundar með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um stöðuna í kjaraviðræðum við Kennarasamband Íslands vegna grunnskólamála. Fundurinn er fyrirhugaður 28. júní nk. í Félagsheimilinu á Blönduósi kl. 14:00
3. **Erindi frá Norðurorku hf.**
Í erindi forstjóra Norðurorku hf. er lýst yfir áhuga á viðræðum við forsvarsmenn Blönduóssbæjar um veitumál. Bæjarstjóra falið að koma á fundi við fulltrúa Norðurorku hf.
4. **Erindi frá Skagafjarðarveitum ehf.**
Á stjórnarfundi Skagafjarðarveitna var samþykkt að fela veitustjóra að kanna möguleika á samrekstri fyrirtækja í sveitarfélögunum. Bæjarstjóra falið að koma á fundi við veitustjóra Skagafjarðarveitna ehf.
5. **Erindi frá Grunnskólanum á Blönduósi og Kennaraháskóla Íslands.**



Grunnskólum á Norðurlandi vestra býðst danskur farkennari á komandi haustönn. Um er að ræða danskt-íslenskt samstarfsverkefni sem hefur það að markmiði að efla dönskukennslu hérlendis. Bæjarráð lýsir yfir ánægju með samstarfsverkefnið.

6. Bréf frá stéttarfélaginu Kili.

Um miðjan maí sl. sameinuðust Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslum, Starfsmannafélag Akureyrarbæjar, Starfsmannafélag Borgarbyggðar, Starfsmannafélag Dalvíkurbyggðar og Starfsmannafélag Siglufjarðarkaupstaðar. Hið sameinaða félag nefnist Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu. Lagt fram til kynningar.

7. Umsókn um styrk.

Landsamband skógareigenda heldur aðalfund í Húnavallaskóla um miðjan ágúst nk. Sótt er um 30 þúsund kr. styrk vegna fundarins. Bæjarráð samþykkir styrkveitinguna.

8. Umsókn um endurnýjun á áfengisveitingaleyfi.

KH hf. sækir um leyfi til áframhaldandi vínveitinga í Essó-Skálanum á Blönduósi. Bæjarráð samþykkir umsóknina.

9. Erindi frá Norræna félaginu.

Væntanlegur er 34 manna hópur frá Horsens, vinabæ Blönduóss í Danmörku dagana 3. – 5. júlí. Í erindi formanns Norræna félagsins á Íslandi er þess farið á leit að fulltrúi Blönduóssbæjar taki á móti hópnunum í Heimilisíðnaðarsafninu hinn 4. júlí nk. Bæjarráð fagnar komu hópsins og verður góðfúslega við beiðninni.

10. Erindi frá Félagsþjónustu vegna málefna fatlaðra.

Þess er farið á leit við Blönduóssbæ að gerð verði athugun um úrbætur á aðgengi fatlaðra að félagsmiðstöðinni Skjólinu í samræmi við lög um málefni fatlaðra. Bæjarráð felur byggingarfulltrúa að taka saman greinargerð um úrbætur um aðgengi í félagsmiðstöðina.

11. Erindi frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Eftirlitsnefndin minnir sveitarstjórnir á skyldu þeirra til að afla sér álits sérfróðs aðila áður en sveitarfélagið staðfestir samninga um framkvæmdir, sölu eigna eða þjónustu við íbúa sveitarfélagsins sem hafa verulegar skuldbindingar í för með sér fyrir sveitarsjóð. Lagt fram til kynningar.

12. Fundargerð Héraðsráðs.

Lögð fram til kynningar fundargerð héraðsráðs frá 1. júní sl.

13. Fundargerð húsnæðisnefndar.

Fundargerðin er frá 16. júní sl. Rætt um lið 3. “önnur mál” í fundargerðinni en borist hefur bréf frá aðilum í bænum þar sem óskað er eftir því að kaupa húsnæði af Blönduóssbæ. Húsnæðisnefnd leggur til að Mýrarbraut 26 verði auglýst til sölu. Bæjarráð samþykkir að íbúðin að Mýrarbraut 26 verði auglýst til sölu.



14. Rekstraryfirlit bæjarsjóðs A-hluti, janúar til mars 2004.

Lagt fram til kynningar.

15. Önnur mál.

a. Rætt um girðingarmál í Vatnahverfi en þar er verulegra úrbóta þörf.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13:40 .

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)